



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 26. janúar 2000

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um kjarasamning opinberra starfsmanna, mál nr. 225.

Afstaða sambandsins byggir á því viðhorfi að leggja beri höfuðáherslu á að tryggja réttareiningu á vinnumarkaði. Sambandið telur að það fái ekki staðist til lengdar og sé til þess fallið að skapa úlfúð að hafa margs konar kerfi leikreglna um samskipti vinnumarkaðsaðilanna.


Slík skipan mála er ekki til þess fallin að auðvelda framgang skynsamlegrar launastefnu. Sú þróun sem orðið hefur á yfirstandandi samningstímabili er órækur vottur um það í hvers konar ógöngur hið margfalda kerfi hefur leitt þjóðina.

Einfaldasta og skynsamlegasta leiðin til að ná því markmiði að skapa réttareiningu á vinnumarkaði er sú að afnema með öllu lögin nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna. Það er sú leið sem ASÍ mælir með að verði farin.

Dómur Félagsdóms frá 21. október sem er tilefni þess að verið er að leggja fram þá breytingartillögu sem hér er til umfjöllunar er að mati ASÍ lögfræðilega rangur. Þannig er ekki vafi á því að lögin nr. 80/1938, vinnulöggjöfin, er almenn lög í landinu. Lögin um kjarasamning opinberra starfsmanna er sérlöggjöf. Samkvæmt viðurkenndum og óumdeildum lögskýringaraðferðum ber að líta svo á að sérlög verði að skýra með hliðsjón af almennum lögum og að þar sem sérlög taka ekki til, gildi almennar reglur. Félagsdómur gerði að mati ASÍ mistök með þessum dómi sínum.

Það verður að teljast einkennilegt að löggjafinn þurfi að bregðast við slíkum mistökum dómskerfisins með því að setja lög um sjálfsagða hluti. ASÍ hefur ekki farið fram á að slíkt verði gert og getur ekki mælt með þeirri aðferð. Ef á annaðborð er talið rétt að gera breytingar á texta laganna um kjarasamning opinberra starfsmanna af þessu tiltekna tilefni væri þó sýnu nær að setja í lögin texta þar sem sú afstaða laganna gagnvart vinnulöggjöfinni sem lengi hefur verið staðreynd og sem lýst er hér að ofan væri tekin skýrt fram. Ef til vill sýnir dómur Félagsdóms að slík lögfesting einfaldra grunnreglna kunni að vera nauðsynleg.

Virðingarfyllt,
f.h. Alþýðusambands Íslands


Gréta Þorsteinsson, forseti